

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 158/2011

2012/EES/15/35

frá 2. desember 2011

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/731/ESB frá 30. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB um brennslu úrgangs <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2010/731/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 32fd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB) í XX. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 D 0731**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/731/ESB frá 30. nóvember 2010 um spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB um brennslu úrgangs (Stjtið. ESB L 315, 1.12.2010, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/731/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 315, 1.12.2010, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 38.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.